

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 136/2016****2018/EES/16/03****frá 8. júlí 2016****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/158 frá 4. febrúar 2016 um umbreytingarráðstafanir að því er varðar tiltekna starfsstöðvar í kjöt- og mjólkurgeiranum í Króatíu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu <sup>(2)</sup> („Samningurinn um stækkun EES frá 2014“), sem var undirritaður í Brussel 11. apríl 2014, hefur gilt til bráðabirgða um undirritunaraðila hans frá 12. apríl 2014 og þessi ákvörðun skal því gilda til bráðabirgða meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) og í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) undir fyrirsögninni um bráðabirgðaráðstafanir í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **2016 D 0158:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/158 frá 4. febrúar 2016 um umbreytingarráðstafanir að því er varðar tiltekna starfsstöðvar í kjöt- og mjólkurgeiranum í Króatíu (Stjútíð. ESB L 31, 6.2.2016, bls. 47).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) undir fyrirsögninni um bráðabirgðaráðstafanir í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **2016 D 0158:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/158 frá 4. febrúar 2016 um umbreytingarráðstafanir að því er varðar tiltekna starfsstöðvar í kjöt- og mjólkurgeiranum í Króatíu (Stjútíð. ESB L 31, 6.2.2016, bls. 47).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/158, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 31, 6.2.2016, bls. 47.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag samningsins um stækkun EES frá 2014, hvort sem ber upp síðar.

Meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014 skal þessi ákvörðun gilda til bráðabirgða frá 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. ESS-samningsins hafi farið fram.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.